

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Hornafjarðar

Inngangur

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/ 2008 18. grein ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 eða fleiri starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Markmiðið með lögunum er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir eiga að hafa jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er lögð áhersla á að allir fái að þroskast á eigin forsendum, geti ræktað hæfileika sína og lifað ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í þeim tilgangi að kenna nemendum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar og forréttinda.

Í jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 14. maí 2015 segir m.a. „*Skólayfirvöld og forstöðumenn uppeldisstofnana vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta sér hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvort fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna. Starfsfólk þar sem uppeldisstarf fer fram, eins og í skólum, í félagsmiðstöðum og íþróttahúsum, hefur einnig jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í starfi og námi.*

Í þessu skyni beinir jafnréttisnefnd því til skólayfirvalda að sjá til þess að:

- a) *Námsefni mismuni ekki kynjum.*
- b) *Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál*
- c) *Skólinn leggi áherslu á að búa bæði kynin undir fjölskyldu -og samfélagsábyrgð og þær skyldur sem fylgja“.*

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Hornafjarðar byggir á lögum um jafnrétti, Aðalnámskrá grunnskóla og jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar og tekur til annars vegar nemenda og hins vegar starfsfólks.

Nemendur

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika.

Haft er að leiðarljósi að kynin taki sem jafnastan þátt í öllu skólastarfi. Í skólanum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ýmsir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Sem dæmi má nefna aldur, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, menningu, skoðanir, trúarbrögð, tungumál, fjölskylduaðstæður og uppruna.

- Öll vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis og mannúðar þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum, tilfinningum og lífsgildum annarra. Lögð er áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá tilfinningar sínar.
- Kennsluaðferðir og námsgögn skulu ekki mismuna nemendum.
- Sjálfsstyrking verði sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum.
- Umræða og vinna um jafnréttis- og mannréttindamál skal vera samofin allri kennslu og skólastarfi, en markvisst skal unnið með viðfangsefnið í lífsleikni.
- Leitast skal við að raða í námshópa þannig að hlutfall drengja og stúlkna sé sem jafnast. Stundum getur verið skynsamlegt að kynjaskipta námshópum og skal það vera vel ígrundað og til bóta fyrir bæði kynin.
- Árlega skal gera kyngreinanlegar kannanir á líðan nemenda, samskiptum þeirra og viðhorfum til skólans.
- Í náms- og starfsfræðslu og annarri ráðgjöf í skólanum skulu jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi. Kynna skal bæði drengjum og stúlkum störf óháð kyni og einnig skal kynna störf sem oft er lítið á sem hefðbundin karla- og kvennastörf.
- Í öllu skólastarfi þarf að gæta þess að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku, t.d. í nefndum og ráðum. Einnig skal jafna hlut nemenda við hvert tækifæri þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans.
- Kynbundið áreiti og/eða kynferðislegt áreiti er aldrei liðið í skólanum.
- Í námskrám í samfélagsfræði má sjá hvaða viðfangsefni er unnið með í hverjum árgangi fyrir sig. Í námsáætlunum hvers árgangs kemur fram hver viðfangsefnin eru.

Starfsmenn

Í stjórnarskrá Lýðveldisins stendur að „allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“. Allir starfsmenn eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum.

- Stjórnendur skulu gæta jafnréttis við mannráðningar, uppsagnir, og tilfærslur starfa og viðfangsefna sem starfsfólki er ætlað að sinna.
- Allt starfsfólk ber ábyrgð á að skapa fordómalaust andrúmsloft.
- Launajafnrétti er í skólanum og skulu konur og karlar njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og er þeim heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.
- Laus störf innan skólans standa opin bæði konum og körlum.
- Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfall. Skal það kyn sem er í minnihluta í starfi því sem auglýst er eftir að öllu jöfnu ganga fyrir ef um jafnhæfan einstakling er að ræða sem uppfyllir skilyrði starfsins.
- Allt starfsfólk skólans á að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum.
- Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldunni.
- Árlega skal gera kyngreinanlegar kannanir á líðan og samskiptum starfsfólks.
- Kynbundið áreiti, kynbundið ofbeldi eða kynferðislegt áreiti er aldrei liðið í skólanum. Komi slíkt upp er unnið eftir viðbragðsáætlun sveitarfélagsins gegn einelti og kynbundnu kynferðislegu ofbeldi eða áreiti.

<http://www.hornafjordur.is/media/stefnur/Eineltisstefna---2013.pdf>

Frankvæmd, eftirfylgni og endurskoðun

Jafnréttis og mannréttindastefna skólans skal kynnt öllum þeim sem að skólstarfinu koma, s.s. foreldrum, starfsfólki og nemendum og hún birt á vefsíðu skólans.

Reglulega skal fara fram faglegt mat á áhrifum stefnunnar og skulu niðurstöður matsins kynntar reglulega fyrir nemendum, starfsfólki og forráðamönnum. Niðurstöður skulu einnig birtar á vefsíðu skólans.

Til að stefnan skili árangri er nauðsynlegt að hafa skýra mælikvarða í tengslum við þau markmið sem koma fram í henni. Þau matstæki sem lögð eru til grundvallar eru starfsmannasamtöl, viðhorfakannanir meðal nemenda, starfsfólks og forráðamanna.

Innan skólans er unnið eftir aðgerðarbundinni jafnréttisáætlun þar sem nánar er kveðið á um verklag og ferla.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Stjórnendur skulu gæta jafnréttis við mannráðningar, uppsagnir, og tilfærslur starfa og viðfangsefna sem starfsfólki er ætlað að sinna.	Öll störf sem losna við skólann skulu auglýst og bjóðast báðum kynjum en það kyn sem er í minnihluta sérstaklega hvatt til að sækja um störf. Við ráðningar, uppsagnir og tilfærslu í starfi skal hafa í huga að jafna kynjahlutfall og skulu jafnréttissjónarmið metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið.	Skólastjóri.	Við allar ráðningar, mannbreytingar og tilfærslu á störfum á gildistímanum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Öllu starfsfólki líði vel í vinnunni og þar sé fordómalaust andrúmsloft.	Reglulega er boðið upp á námskeið og fyrirlestra um samskipti fyrir allt starfsfólk sem miðar bæði að því að efla samskipta hæfni nemenda en einnig að stuðla að góðum samskiptum innan starfsmannahópsins. Árlega skal gera kyngreinanlegar kannanir á líðan og samskiptum starfsfólks	Skólastjóri, öryggisnefnd og allir starfsmenn.	Árlega

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Launajafnrétti skal vera í skólanum og skulu konur og karlar njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og er þeim heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.	Árlega greinir sveitarélagið laun og fríðindi starfsmanna til að gæta að hvort um kynbundinn launamun er að ræða.	Skólastjóri og launfulltrúi.	Árlega.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Laus störf innan skólans standa opin bæði konum og körlum.	Öll störf sem losna við skólann skulu auglýst og bjóðast báðum kynjum en það kyn sem er í minnihluta sérstaklega hvatt til að sækja um störf.	Skólastjóri	Við allar ráðningar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfall.	Skal það kyn sem er í minnihluta í starfi því sem auglýst er eftir að öllu jöfnu ganga fyrir ef um jafnhæfan einstakling er að ræða sem uppfyllir skilyrði starfsins.	Skólastjóri	Við allar ráðningar

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Allt starfsfólk skólans á að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuáætlunum.	Skólinn býður öllu starfsfólki reglulega upp á námskeið og endurmenntun og eru allir hvattir til að mæta. Reglulega er gerð greining á aðsókn og ef fram kemur óútskýranlegur munur milli kynja er leitast við að leiðrétta hann.	Skólastjóri.	Árlega.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Að vera fjölskylduvænn vinnustaður.	Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart	Skólastjóri.	Árlega.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Kynbundið ofbeldi, kyndbundin áreitni og/eða kynferðisleg áreitni er aldrei liðið í skólanum.	Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni. Komi slíkt upp er unnið eftir viðbragðsáætlun sveitarfélagsins gegn einelti og kynferðislegu áreit. http://www.hornafjordur.is/media/stefnur/Eineltisstefna---2013.pdf	Skólastjóri.	Árlega

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Jafnréttisáætlun er í sífældri þróun eins og önnur stefnumótun	Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun unnin.	Skólastjóri.	Lokið 23. janúar 2019. Formlega endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Jafnréttisstefnuna skal endurskoða í heild sinni á þriggja ára fresti.

Höfn 23. janúar 2019.

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Hornafjarðar byggir á:

Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2015

<http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/regluogsamthykkir/stjornsysla/nr/9397>

Lögum um grunnskóla nr. 91/2008

Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011

Skólanámskrá Grunnskóla Hornafjarðar (sjá 6.2)

Heimasíðu Jafnréttisstofu; jafnretti.is. – Jafnrétti í skólastarfi